



Fundargerð

45. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., Miðvikudaginn 19. nóvember 2025, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Karl Ölvirsson, Þráinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Fundargerð 312. fundar skipulagsnefndar UTU - 2511011

Lögð fram fundargerð 312. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 25-236.

Mál nr. 1; Einholt L180119; Einholt 1 og 2; Stofnun lóða - 2510035.

Lögð er fram umsókn ásamt merkjalýsingu dags. 13.10.2025, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun 2ja nýrra landeigna úr landi Einholt L180119. Óskað er eftir að stofna annars vegar 809,8 fm lóð, Einholt 1, og hins vegar 1.260,8 fm lóð, Einholt 2, undir fyrirhuguð íbúðarhús. Lóðirnar eru í samræmi við deiliskipulag fyrir svæðið sem er í ferli í skipulagsmáli nr. 2506106.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðanna skv. fyrirbyggjandi merkjalýsingu. Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við erindið. Hreppsnefndin bendir á að framkvæmdir innan lóða er háð byggingarleyfi eftir gildistöku deiliskipulags.

Mál nr. 2; Ás 3 I-8lód L204637; Skilgreining frístundalóðar; Deiliskipulag - 2508021.

Lögð er fram tillaga deiliskipulags, eftir kynningu, sem tekur til Ás 3 I-8 lód L204637 í Ásahreppi. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindur er byggingarreitir á lóðinni þar sem heimilt er að reisa allt að 200 fm frístundahús, 40 fm gestahús og 25 fm geymslu. Umsagnir bærust á kynningartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 21; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 25-236 - 2510002F.

Lögð er fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 25-236.

2. Fundargerð 313. fundar skipulagsnefndar UTU - 2511043

Lögð fram fundargerð 313. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 25-237.

Mál nr. 1; Lindarbær 1A L165304; Skilgreining svæðis, sólarshellugarður og gróðurbelti; Aðalskipulagsbreyting - 2510003.

Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032. Svæðið sem breytingin nær til er Lindarbær 1A L165304. Áætlað er að land verði áfram skilgreint sem landbúnaður með heimild til orkuvinnslu. Búfé verður beitt á lífrænt vottað land og að landbúnaður sé ríkjandi landnotkun. Auk þess verður heimilt að nýta landið til

FF

K.O

BT
ABH
W

uppsetningar á sólsellum (ljósraflöðum) til raforkuframleiðslu og framleiða allt að 2,4 MW. Stefnt er að því að raforkan verður seld inn á dreifikerfi Rarik. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Hreppsnefnd Ásahrepps beinir því til skipulagssembættisins að haldinn verði íbúafundur í Ásahreppi þar sem þessar hugmyndir verða kynntar og gefinn kostur á umræðu íbúa um málið, áður en skipulagslýsing fer í auglýsingu.

Mál nr. 2; Lindarbær 1A L1a65304; Skilgreining svæðis, sólarcellugarður og gróðurbelti; Deiliskipulagsbreyting - 2510004.

Lögð er fram skipulagslýsing er varðar nýtt deiliskipulag fyrir Lindarbæ 1A L165304. Áætlað er að land verði áfram skilgreint sem landbúnaður með heimild til orkuvinnslu. Búfé verður beitt á lífrænt vottað land og að landbúnaður sé ríkjandi landnotkun. Auk þess verður heimilt að nýta landið til uppsetningar á sólsellum (ljósraflöðum) til raforkuframleiðslu og framleiða allt að 2,4 MW. Stefnt er að því að raforkan verður seld inn á dreifikerfi Rarik. Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir fyrirkomulagi mannvirkja innan jarðarinnar ásamt aðkomu, plönnum og nánar gerð grein fyrir framkvæmdum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Hreppsnefnd Ásahrepps beinir því til skipulagssembættisins að haldinn verði íbúafundur í Ásahreppi þar sem þessar hugmyndir verða kynntar og gefinn kostur á umræðu íbúa um málið, áður en skipulagslýsing fer í auglýsingu.

Mál nr. 3; Sigölduvirkjun L165348; Efnistaka - náma E58; Framkvæmdarleyfi - 2511016. Sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr námu E58 við Sigöldustöð. Heimilt verður að taka allt að 35.000 m³. Efni úr námunni verður einkum nýtt við framkvæmdir í tengslum við fyrirhugaða stækkun Sigöldustöðvar. Megnið af efninu verður tekið á næstu árum, mest árið 2027. Stærð svæðis er 1 ha.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins sem framkvæmdin tekur til en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 4; Nes 2 L230552; Birkines; Breytt heiti lóðar - 2510054.

Lögð er fram umsókn er varðar nýjan staðvísi fyrir L230552. Óskað er eftir því að Nes 2 fái nafnið Birkines. Einnig vantar staðfestingu á hnitum á landamerkjum.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við nafnið Birkines skv. fyrirliggjandi umsókn og samþykkir erindið.

Hreppsnefnd Ásahrepps bendir á að til að hægt sé að staðfesta hnitin á landamerkjunum þá þarf að berast merkjalýsing.

Mál nr. 32; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 25-237 - 2510004F.

Lögð er fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 25-237.

3. Fundargerð 43. fundar stjórnar Odda bs - 2511022

Lögð fram fundargerð 43. fundar stjórnar Odda bs ásamt gjaldskrá Odda bs fyrir árið 2026 og fjárhagsáætlun Odda bs fyrir rekstrarárið 2026.

Dagskrárliðir nr. 1 og 2 þarfnast staðfestingar hreppsnefndar Ásahrepps.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti gjaldskrá og fjárhagsáætlun Odda bs fyrir árið 2026.

Aðrir dagskrárliðir eru til kynningar.

4. Fundargerð 13. fundar stjórnar Húsakynna bs. - 2511016

Lögð fram fundargerð 13. fundar stjórnar Húsakynna bs. Dagskrárliður 2 þarf staðfestingar hreppsnefndar Ásahrepps. Einnig lögð fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 ásamt fylgigögnum.

Gert er ráð fyrir að fjárfesting verði 100 mkr. með framlagi Ásahrepps sem fjármagnar hlut Rangárbings ytra í þessari fjárfestingu, skv. eignarhlut sveitarfélaga í Húsakynnum bs. Lagt er upp með að lánið komi til greiðslu eftir fimm ár án vaxta, en verðtryggt. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirkomulag fjármögnunar á fjárfestingu og fjárhagsáætlun Húsakynna bs. rekstrarárið 2026. Sveitarstjóra falið að ganga frá samkomulagi vegna fjármögnunar fjárfestingar. Hreppsnefnd Ásahrepps áréttar mikilvægi þess að lokið verði við viðhaldsframkvæmdir á skólastjórabústað eins og gert var ráð fyrir í fyrsta áfanga.

5. Fundargerð 12. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps - 2511029

Lögð fram fundargerð 12. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps ásamt fjárhagsáætlun 2026 og framkvæmdaáætlun 2026-2029.

Dagskrárliðir 2 og 3 þarfnast staðfestingar hreppsnefndar Ásahrepps.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkja samhljóða gjaldskrá Vatnsveitunnar 2026 (dagskrárliður 2) og einnig fjárhagsáætlun Vatnsveitunnar 2026 (dagskrárliður 3).

Aðrir dagskrárliðir til kynningar.

6. Fundargerð 88. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvalla - 2511019

Lögð fram fundargerð 88. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs ásamt fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2026.

Annar dagskrárliður þarfnast staðfestingu hreppsnefndar Ásahrepps.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fjárhagsáætlun Brunavarna Rangárvallasýslu fyrir árið 2026.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

7. Fundargerð 251. fundar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 2511033

Lögð fram fundargerð 251. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. ásamt Viðauka við fjárhagsáætlun 2025, gjaldskrá fyrir árið 2026 og fjárhagsáætlun fyrir rekstarárið 2026.

Dagskrárliðir 5, 6 og 7 þarfnast staðfestingar hreppsnefndar Ásahrepps.

5. dagskrárliður; Fjárhagsáætlun 2025 - Viðauki 2511073

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagðan viðauka við fjárhagsáætlun 2025. Viðaukinn kallar ekki á neina breytingu á fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árið 2025.

6. dagskrárliður; Gjaldskrá 2026 - 2510023.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagða gjaldskrá fyrir árið 2026.

7. dagskrárliður; Fjárhagsáætlun 2026 - 2510022.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagða fjárhagsáætlun fyrir rekstarárið 2026.

Aðrir dagskrárliðir eru til kynningar.

8. Fundargerð 94. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu - 2511017

Lögð fram fundargerð 94. fundar Félags- og skólaþjónustu ásamt fjárhagsáætlun 2026 með fylgiskjöllum.

Fyrsti dagskrárliður þarfnast staðfestingar hreppsnefndar Ásahrepps.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrir sitt leyti fram lagaða fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið

57

K.B.

KHF
HOF
FI
MS

2026.

Aðrir dagskrárliðir til kynningar.

9. Fundargerð stjórnar Skógasafns, dags. 24. október 2025 - 2511023

Lögð fram fundargerð stjórnar Skógasafns, dags. 24. október 2025 ásamt fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2026.

Dagskrárliður nr. 2 þarfnast staðfestingar hreppsnefndar Ásahrepps.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fjárhagsáætlun Skógasafns fyrir rekstrarárið 2026.

Fundargerð er að öðru leyti til kynningar.

10. Fundargerð 8. fundar Héraðsnefndar Rangæinga - 2511018

Lögð fram fundargerð 8. fundar Héraðsnefndar Rangæinga ásamt fjárhagsáætlun 2026.

Fjórði dagskrárliður þarfnast staðfestingu hreppsnefndar Ásahrepps.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Rangæinga fyrir rekstrarárið 2026.

Aðrir dagskrárliðir eru til kynningar.

11. Fundargerð 7. fundar Odda bs, vinnufundur - 2511008

Lögð fram fundargerð 7. vinnufundar Odda bs.

Til kynningar.

12. Fundargerð 250. fundar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 2511002

Lögð fram fundargerð 250. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Til kynningar.

13. Fundargerð stjórnar Skógasafns, dags. 1. júlí 2025 - 2511013

Lögð fram fundargerð stjórnar Skógasafns sem haldinn var 1. júlí 2025.

Til kynningar.

14. Fundargerð Héraðsráðs Héraðsnefndar Rangæinga, dags. 21. október 2025 - 2511010

Lögð fram fundargerð Héraðsráðs Héraðsnefndar Rangæinga, dags. 21. október 2025.

Til kynningar.

15. Fundargerð 11. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps - 2511028

Lögð fram fundargerð 11. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps.

Til kynningar.

16. Fundargerð 128. fundar stjórnar UTU - 2511004

Lögð fram fundargerð 128. fundar stjórnar UTU.

Til kynningar.

17. Fundargerð 88. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2511007

Lögð fram fundargerð 88. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Handwritten notes in blue ink: "JJ", "K.O.", "K.H.T.", "M.U.", "H.H.", "A.P."

Til kynningar.

18. Fundargerð aðalfundar Bergrisans 2025 - 2511012

Lögð fram fundargerð aðalfundar Bergrisans, sem haldinn var 9. október 2025.

Jafnframt voru lögð fram fundargögn aðalfundar, skýrsla stjórnar, samþykkt fjárhagsáætlun 2026 ásamt greinargerð og útkomuspá 2025.

Til kynningar.

19. Fundargerð 337. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands - 2511009

Lögð fram fundargerð 337. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

Til kynningar.

20. Fundargerð 338. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands - 2511041

Lögð fram fundargerð 338. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

Til kynningar.

21. Fundargerð 247. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2511036

Lögð fram fundargerð 247. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Til kynningar.

22. Fundargerð 248. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2511037

Lögð fram fundargerð 248. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Lögð fram fundargerð 248. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Til kynningar.

23. Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs 2025 - 2511038

Lögð fram fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs, sem haldinn var 24. október 2025. Einnig lögð fram fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2026 ásamt skiptingu framlaga aðildarsveitarfélaga.

Til kynningar.

24. Fundargerð 249. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2511039

Lögð fram fundargerð 249. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Til kynningar.

25. Fundargerð 3. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands - 2511042

Lögð fram fundargerð 3. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands.

Til kynningar.

26. Fundargerð 627. fundar stjórnar SASS - 2511003

Lögð fram fundargerð 627. fundar stjórnar SASS.

Til kynningar.

Handwritten notes in blue ink: "57", "A0H", "KI", "KHF", "KHF", "KI".

27. Fundargerð 628. fundar stjórnar SASS - 2511034

Lögð fram fundargerð 628. fundar stjórnar SASS.

Til kynningar.

28. Fundargerð 629. fundar stjórnar SASS - 2511035

Lögð fram fundargerð 629. fundar stjórnar SASS.

Til kynningar.

29. Fundargerð 986. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2511005

Lögð fram fundargerð 986. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

30. Fundargerð 987. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2511015

Lögð fram fundargerð 987. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

31. Fundargerð 988. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2511024

Lögð fram fundargerð 988. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

32. Gjaldskrá Ásaljóss 2026 - 2511026

Lögð fram tillaga að gjaldskrá Ásaljóss fyrir árið 2026.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagða tillögu að gjaldskrá og skal hún gilda frá 1. janúar 2026.

33. Gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa 2026 - 2511027

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í Ásahreppi árið 2026.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagða tillögu að gjaldskrá vegna hreinsunar rotþróa og felur sveitarstjóra að birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

34. Ákvörðun um álagningu útsvars, gjalda og gjaldskrár 2026 - 2511025

Lögð fram tillaga um álagningu útsvars, gjalda og gjaldskrár fyrir árið 2026.

1. Álagningarprósenta útsvars 2026.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að álagningarprósenta útsvars skuli vera 14,97%.

2. Álagningarhlutfall fasteignaskatts 2026.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að álagningarprósenta fasteignaskatts verði: A 0,15% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.

B 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

C 1,65% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum, þó að undanskildum fasteignum í 0 flokki.

Afsláttur af fasteignaskatti til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri, eða 75% öryrkjar eða

Handwritten notes and signatures in blue ink, including "K.K.", "HOF", "K.O.", and "TJ".

meira, og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti sem samþykkt var af hreppsnefnd Ásahrepps 13. desember 2017.

Gjalddagar verða sex (6) talsins árið 2026, fyrsta hvers mánaðar frá 1. febrúar til 1. júlí. Þar sem heildarupphæð er undir kr. 20.000 er einn gjalddagi, 1. apríl. eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Ekki verða sendir út greiðsluseðlar né álagningarseðlar í bréfpósti. Álagningarseðlar eru aðgengilegir á heimsíðunni www.island.is. Stofnuð verður krafa í heimabanka með sama hætti og áður sem hægt er að greiða rafrænt. Þeir sem óska þess að fá áfram send skjöl með bréfpósti gefst kostur á því og er bent á að hafa samband við skrifstofu hreppsins.

3. Gjaldskrá kaldvatnsveitu 2026.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að vatsgjöld verði samkvæmt gjaldskrá Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.

4. Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs 2026.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gjald fyrir meðhöndlun úrgangs verði samkvæmt gjaldskrá Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs fyrir sorphirðu og sorpeyðingu.

5. Gjaldskrá íþróttamiðstöðvarinnar á Hellu, Laugalandi og Þykkvabæ 2026.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gjaldtaka vegna almennrar notkunar íþróttamiðstöðvanna fari eftir sameiginlegri gjaldskrá Rangárþing ytra og Ásahrepps.

6. Gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa 2026.

Gjöld vegna hreinsun rotþróa í Ásahreppi fer eftir gjaldskrá sem samþykkt var 19. nóvember 2025. Þar kemur fram að árleg rotþróargjald vegna rotþróa allt að 6000 lítra sem tæmdar eru þriðja hvert ár verði kr. 13.500, en þær sem tæmdar eru fimmta hvert ár kr. 8.100.

7. Heimgreiðslur 2026.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að reglur um heimgreiðslur, frá 1. janúar 2025, verði óbreyttar og hámarksupphæð verði kr. 125.000.

8. Íþrótt- og tómstundastyrkur 2026.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að reglur um íþrótt- og tómstundastyrki, frá nóvember 2024, verði óbreyttar og styrkur geti numið allt að kr. 100.000.

9. Hvatastyrkur til íbúa eldri en 60 ára til íþrótt- og heilsustyrkingar 2026.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita íbúum Ásahrepps hvatastyrk til heilsuefningar og félagslegrar virkni að upphæð allt að kr. 75.000 á hvern íbúa eldri en 60 ára, gegn framvísun greiðslukvittunar fyrir kostnaði er lýtur að heilsurækt og félagslegrar virkni viðkomandi á árinu 2026. Vísað er til reglna um hvatastyrki sem samþykktar voru 20. desember 2023.

10. Leikskólagjald.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að leikskólagjöld verði skv. útgefinni gjaldskrá Odda bs. fyrir árið 2026.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita aukinn afslátt til einstæðra foreldra, námsmanna og öryrkja.

Afslættir verði:

Einstæðir foreldrar: 50%

Námsmenn: annað foreldri 25% en ef báðir foreldrar 50%

Öryrkjar: annað foreldri 25% en ef báðir foreldrar 50%.

11. Mötuneytiskostnaður leik- og grunnskólabarna.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrri ákvörðun hreppsnefndar frá desember 2017 að greitt verði áfram 100% mötuneytisgjald fyrir öll leik- og grunnskólabörn á árinu

2026. Niðurgreiðslurnar gilda fyrir börn með lögheimili og aðsetur í Ásahreppi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir framlagða tillögu sem er í 11 liðum og felur sveitarstjóra að birta á heimasíðu Ásahrepps og tilkynna til fjármálaráðuneytis ákvörðun sína um álagningarprósentu útsvars 2026.

35. Fjárhagsáætlun sveitarsjóðs Ásahrepps 2026-2029 - 2510010

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árin 2026-2029, fyrri umræða.

Sveitarstjóri fór yfir framlagða tillögu að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs Ásahrepps fyrir árin 2026-2029, gerði grein fyrir ýmsum liðum áætlunar og svaraði fyrirspurnum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að vísa framlagðri fjárhagsáætlun til síðari umræðu og lokaafgreiðslu, sem mun fara fram á aukafundi í desember n.k.

36. Styrkveiting til lagningar útivistarstíga í Ásahreppi - 2510003

Lögð var fram stöðuskýrsla um verkefni sem hafa fengið vilyrði um styrk til uppbyggingar útivistarstíga. Einnig lögð fram umsókn um styrk vegna lagningar útivistarstíga frá Sumarliðabæ 2. Umsóknin er ekki fullútfærð skv. reglum og umsóknareyðublaði sveitarfélagsins. Umræða fór fram um fyrirkomulag útborgunar styrkja til lagningar útivistarstíga í Ásahreppi.

Umræða varð um fyrirkomulag útborgunar styrkja vegna lagningar útivistarstíga í Ásahreppi. Sveitarstjóra falið að útfæra viðauka við gildandi reglur í samræmi við umræður og leggja fram á næsta fundi hreppsnefndar. Viðaukinn er ætlaður til einföldunar á fyrirkomulagi útborgana.

Varðandi framlagða styrkumsókn á þessum fundi, þá er Kristínu og Ísleifi falið að hitta og ræða við umsækjendur.

37. Styrkbeiðni vegna aðventuhátíðar 2025 - 2510013

Lagt fram bréf Kvenfélagsins Einingar, dags. 10. október 2025, þar sem óskað er eftir fjárstyrk til að standa straum af kostnaði við aðventuhátíð á Laugalandi þann 30. nóvember n.k. líkt og undanfarin ár.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 30.000.

38. Umsagnarbeiðni um breytingu á rekstrarleyfi vegna Hestheima - 2511006

Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 10. júlí 2025 (Málsnúmer: 2021-013809) þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um breytingu á gistileyfi. Umsækjandi er Eignarhaldsfélagið Einhamar ehf, kt. 571014-1220. Sótt er um breytingu á leyfi til reksturs gistisstaðar í flokki IV-B Stærra gistiheimili. Staðsetning er að Hestheimum í Ásahreppi, fasteignanúmer: 225-3008. Rýmisnúmer 01 0101 gistihús og veitingar, 01 0102 gestahús, 03,04,07,08,09,10 og 12 gestahús.

Jákvæð umsögn byggingarfulltrúa UTU barst 15. október 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt.

39. Samkomulag um viðhald girðinga meðfram Hringvegi í Ásahreppi - 2509022

Lögð fram drög að samkomulagi milli Ásahrepps og Vegagerðarinnar um viðhald girðinga meðfram Hringveginum (1) um Ásahrepp.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög að samkomulagi og felur sveitarstjóra að ganga frá endanlegri gerð samkomulagsins með Vegagerðinni og undirrita samkomulagið fyrir hönd Ásahrepps.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "Höf", "K.H.", and "K.O.", along with a vertical signature on the right side.

40. Húsaleigusamningur fasteignar að Laugalandi (219-7249), skrifstofuhúsnæði - 2511020

Lögð fram drög að húsaleigusamningi milli Húsakynna bs og Ásahrepps vegna leigu á húsnæði undir skrifstofu Ásahrepps í neðri hæð skólastjórabústaðar. Um er að ræða eignarhluta með fastanúmer 219-7249 samkvæmt Fasteignaskrá Íslands.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi húsaleigusamning og felur sveitarstjóra að ganga frá samningi við Húsakynni bs og undirrita hann fyrir hönd Ásahrepps.

41. Landspildur í Safamýri - 2511021

Sýslumaðurinn á Suðurlandi hefur sent hreppsnefnd Ásahrepps erindi, dags. 3. nóvember 2025, er varðar landspildur sem tilheyra jörðum í Þykkvabæ en eru sitthvoru megin við hreppamörk Ásahrepps og Rangárþings ytra. Spildurnar í Safamýri hafa alltarf fylgt með jörðum í Þykkvabæ og eru skráðar í Rangárþingi ytra þó svo að þær falli innan Ásahrepps miðað við núgildandi hreppamörk. Ræddar hafa verið leiðir til að leiðrétta skráningu spildnanna, en segja má að þær séu í nokkurskonar gíslingu miðað við stöðuna í dag. Þrjár leiðir hafa verið nefndar til lausnar þessu vandamáli. Í fyrsta lagi að færa mörk sveitarfélaganna, í öðru lagi að leysa málin sem misræmismál og í þriðja lagi að stofna þá hluta jarðanna sem liggja innan marka Ásahrepps á hefðbundinn hátt.

Hreppsnefnd Ásahrepps hugnast best að leið 3 verði farin. Kanna þarf betur hvernig hægt er að skilgreina þessar landspildur í merkjalýsingu og úr hvaða upprunalandi þær verði stofnaðar.

42. Framtíð félagsheimilisins Ásgarðs - 2110025

Lagt fram tölvuskeyti Kristins Reynissonar, dags. 10. nóvember 2025, þar sem hann óskar eftir að fá félagsheimilið Ásgarð leigt.

Hreppsnefnd Ásahrepps getur ekki tekið afstöðu til erindisins. Húsið er ekki í eigu sveitarfélagsins nema um 10%, en ekki hefur enn náðst að þinglýsa lóðarleigusamningi ennþá. Í þeim lóðarleigusamningi sem gerður hefur verið milli landeigenda og Ungmennafélags Ásahrepps er tekið sérstaklega fram hvaða starfsemi megi vera í húsinu, en það er ekki gert ráð fyrir að breyta því í íbúðarhúsnæði.

43. Öryggisúttekt BSI á Íslandi á Íþróttamiðstöðinni á Laugalandi - 2511030

Lögð fram öryggisúttekt BSI á Íslandi fyrir Íþróttamiðstöðina á Laugalandi, íþróttahús og sundlaug.

Hreppsnefnd Ásahrepps þakkar fyrir að þessi úttekt hafi verið framkvæmd, sem sýnir að ráðast þarf í ýmsar úrbætur sem allra fyrst til að tryggja öryggi þeirra sem nýta þessi íþróttamannvirki.

Mikilvægt er að Húsakynni bs taki þessa úttekt til skoðunar og geri tímasetta aðgerðaráætlun til að koma öryggismálum í lag hjá Íþróttamiðstöðinni.

44. Uppsögn úr starfi byggðaðróunarfulltrúa. - 2511031

Lagt fram tölvuskeyti sveitarstjóra Rangárþings ytra, dags. 4. nóvember 2025 ásamt uppsagnarbréfi Stefáns F. Friðrikssonar, þar sem hann tilkynnir uppsögn sína úr starfi byggðaðróunarfulltrúa Rangárvallasýslu.

Sveitarstjóri Rangárþings eystra er að vinna að auglýsingu starfsins og vill kanna hug hreppsnefndar Ásahrepps um beina þátttöku í verkefninu að þessu sinni.

Hreppsnefnd Ásahrepps sér ekki ástæðu til að breyta aðkomu sinni að verkefninu að sinni.

45. Starfsmannamál - 2511032

Lagt fram bréf Ragnheiðar Á. Ólafsdóttur, dags. 28. október 2025, þar sem hún segir upp

störfum hjá Ásahreppi með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Áætluð starfslok eru því í lok janúar 2026.

Umræða varð um stöðu mála hjá skrifstofu Ásahrepps. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að auglýsa stöðu hjá skrifstofu Ásahrepps sem fyrst. Um væri að ræða 70 - 100% starf. Sveitarstjóra falið að vinna starfslýsingu og ræða við ráðningarskrifstofu sem fyrst. Jafnframt verði unnir viðaukar við núverandi ráðningasamninga þar til nýr starfsmaður hefur hafið störf.

46. Beiðni um fjárstyrk til Sigurhæða árið 2026 - 2511040

Lagt fram bréf Sigurhæða, dags. 12. nóvember 2025, þar sem sótt er um styrk að fjárhæð kr. 160.281 frá Ásahreppi til reksturs verkefnisins árið 2026.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að verða við styrkbeiðninni fyrir árið 2026.

47. Þingmál 101; Þingsályktunartillaga um breytingu á þingsályktun nr. 24 152 um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða - 2503017

Lagt fram tölvuskeyti nefnda- og greiningarsviðs Alþingis, dags. 6. mars 2025, þar sem þingmál 101; þingsályktunartillaga um breytingu á þingsályktun nr. 24/152 um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæði, er sent til umsagnar.

Hreppsnefnd Ásahrepps ítrekar fyrri umsögn sína um þingsályktunartillöguna, dags. 19. mars 2025, sem lýtur að hugmyndum um Skrokkölduvirkjun, Urriðafossvirkjun og Kjalölduveitu.

48. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48-2011 - 2511044

Lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011.

Hreppsnefnd Ásahrepps tekur undir umsögn Samtaka orkusveitarfélaga dags. 22. apríl 2025.

49. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011

Lagt fram málaflökkayfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps fyrir tímabilið 1. janúar til 31. október 2025.

Til kynningar.

50. Farsældarráð á Suðurlandi - 2511001

Lagt fram tölvuskeyti Örnú Ír Gunnarsdóttur, verkefnastjóra farsældarráðs á Suðurlandi, dags. 12. október 2025 þar sem kynnt eru drög að skipuriti Farsældarráðs á Suðurlandi ásamt samstarfsyfirlýsingu um svæðisbundinn samráðsvettvang á Suðurlandi.

Til kynningar.

51. Kæra Náttúrugriða vegna útgáfu tveggja framkvæmdaleyfa í sambandi við fyrirhugaða stækkun Sigöldustöðvar - 2504010

Lagður fram úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 56/2025, vegna kæru ákvörðunar Ásahrepps um útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir athafnasvæði vegna stækkunar Sigölduvirkjunar.

Málinu var vísað frá.

Til kynningar.

52. Kæra nr. 101-2025; Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála; Sauðholt - 2509004

Handwritten notes and signatures in blue ink, including "K. n. D." and other illegible marks.

Lagður fram úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 101/2025, vegna kæru ákvörðunar Ásahrepps um að samþykkja nýtt deiliskipulag vegna Sauðholts 2. Málinu var vísað frá.

Til kynningar.

53. Fundargerð íbúafundar í Fljótsdalshreppi 21. október 2025 - 2511014

Lögð fram fundargerð íbúafundar í Fljótsdalshreppi sem haldinn var 21. október 2025. Í fundargerð kemur fram ályktun vegna lagafrumvarps sem kynnt hefur verið í Samráðsgátt stjórnvalda um breytingar á sveitarstjórnarlögum.

Til kynningar.

54. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018


Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 17. desember 2025 á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi. Fundur hefst klukkan 8:30.

Til kynningar.

Fundi slitið kl. 13:15.



Ísleifur Jónasson


Karl Ölvirsson


Þráinn Ingólfsson


Helga Björg Helgadóttir


Kristín Hreinsdóttir


Valtýr Valtýsson